

## **16. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 16. október kl 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.**

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Sandra Matthíasdóttir fulltrúi í tækninefnd kvenna og Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ.

Einar Ólafsson, ritari, Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum og Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl 17.05.

Dagskrá

### **1. Erindi frá FFA**

Erindi barst til stjórnar FSÍ frá vinnuhóp um Fimleikahátíð FSÍ. Vinnuhópur Fimleikahátíðar FSÍ skilar hér með vinnuskýrslu um skipulag hátíðar og biður stjórn um að taka afstöðu hvort af þessari hátíð eigi að vera.

Markmið með svona hátíð eru:

- að stuðla að útbreiðslu fimleika
- að efla fimleikahreyfinguna í heild sinni
- að stuðla að virðingu og samkennd innan hreyfingarinnar og milli greina
- að vekja athygli fjölmiðla á fimleikum og leikfimi og fjölbreytileika þeirrar íþróttar
- að sýna fram að að allir geti stundað fimleika/leikfimi óháð aldri, búsetu og líkamlegri getu.

Málið rætt

**Stjórn fimleikasambandsins fagnar framkomnum hugmyndunum. Stjórn mælir með að horft er til þess að hátíð sem þessi verði gerð að árlegum atburði, enda myndi slíkt auðvelda allan undirbúning. Stjórn mælir með að málið verði sent áfram í tækninefndirnar til umfjöllunar. Það er ljóst að til þess að verkefnið gangi upp þá þurfa öll félögin að skuldbinda sig. Framkvæmdastjóra er falið að taka skýrslu vinnuhópsins og senda hana á tækninefndir og óska eftir að hún fái umfjöllun í viðkomandi nefnd. Nefndirnar þurfa að skila stjórn ályktunum sínum ekki seinna en 15.nóvember.**

### **2. Bréf frá Björk v/undanþágu á félagaskiptagugga**

Stjórn Fimleikasambandsins barst bréf frá framkvæmdastjóra fimleikafélagsins Bjarkar vegna undanþágu frá félagaskiptareglum FSÍ, þar sem óskað er eftir undanþágu tveggja iðkenda til að skipta um félag.

Málið rætt

**Stjórn Fimleikasambandsins verður því miður að hafna þessari beiðni vegna þess fordæmis sem slík beiðni myndi vekja. Félagaskiptin eru því ekki samþykkt á þessum tímapunkti en munu taka gildi þegar næsti félagaskiptagluggi verður í byrjun janúar 2013.**

### **3. Greinagerð um NM drengja U16**

Framkvæmdastjóri fimleikafélagsins Bjarkar skilaði inn skýrslu um framkvæmd NM U16, sem haldin var í Björkunum 6-7.október. Framkvæmdastjórinn setti fram punkta um hvað vel tókst og hvað hefði mátt betur fara.

Málið rætt.

**Stjórn fimleikasambandsins óskar fimleikafélaginu Björk til hamingju með frábært mót og vill skila þakklæti til þeirra sem tóku að sér þau verkefni sem mótinu fylgdi. Sérstaklegar þakkir fær Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Brynjólfsson, Hlín Bjarnadóttir, Jósep Húnfjörð svo einhverjir séu nefndir ásamt öllu því frábæra fólki sem er að baki fimleikafélagsins Bjarkar. Sérstaklega skal tekið fram hversu frábært var að sjá lýsingar og úrslit á samfélagsmiðlum, svo allir gátu fylgst með.**

**Stjórn fimleikasambandsins er sérstaklega ánægð með þann farveg sem val á landsliði drengja fyrir NM U16 var sett í og telur að sú aðferð gefi góða sýn á hvernig hægt er að standa að málum.**

### **4. starfslýsing sviðsstjóra**

Til grundvallar eru drög að starfslýsingu sviðsstjóra landsliðsmála, sem stjórn lagði fram.

Málið rætt

**Stjórn fimleikasambandsins óskar eftir að tæknisnefndir fjalli um starfslýsinguna og skili álitinu til framkvæmdastjóra ekki seinna en 1.nóvember 2012.**

Fundi slitið kl.18:35.